

Ed.

22. Frumvarp til laga

um útgáfu krónuseðla.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að gefa út 1 krónu seðla, allt að 500 þús. kr., er komi í stað 1 krónu málskiptimyntar samkvæmt lögum nr. 19 27. júní 1925, meðan hörgull er á málskiptimyntinni.

Ákvæði laga nr. 19 27. júní 1925, um innlenda skiptimynt, gilda um krónuseðla þessa eftir því, sem þau geta átt við.

Þegar er nægar birgðir eru fyrir hendi af 1 krónu málskiptimynt, skulu krónuseðlar þessir innkallaðir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt samkv. ósk fjármálaráðherra.

Einstakir nefndarmenn eru óbundnir með atkvæði sitt.

Frv. fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

„Skiptimynt var fyrir ófriðinn mótuð í Danmörku, og það var þá auðvelt að hafa ætíð nægilegar birgðir af henni fyrirliggjandi. Síðan hefur hún verið mótuð í Bretlandi. Skiptimyntarnotkunin hefur aukizt mjög mikið síðan erlent herlið settist að í landinu, og mjög stór sending af skiptimynt er nú til þurrðar gengin töluvert fyrr en búizt var við. Von er á miklum birgðum af skiptimynt frá Bretlandi bráðlega, en til þess að bæta úr augnablikspörf nú er þetta frv. borið fram.“